

Fundur haldinn 3. október 2016 kl. 13:00. Mættir: Jón Þórðarson formaður, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson.

Formaður stjórnar setti fund og stýrði honum.

### Dagskrá fundarins.

#### Minnispunktur forstöðumanns.

Forstöðumaður fór yfir starfið undanfarna mánuði. **Tveir nýjir starfsmenn** hafa verið ráðnir til skrifstofunnar. Berglind Ósk Guðgeirsdóttir skrifstofumaður kom í stað Kristínar Óskarsdóttur sem lét af störfum og Gunnhildur Gunnarsdóttir sálfræðingur var ráðin í fæðingarorlofi Kolbjargar Lilju Benediktsdóttur.

**Verkefnið Bættur námsárangur á Austurlandi** gengur skv. áætlun og innleiðing starfsþróunarverkefnisins **Orð af orði** fer vel af stað og eru allir grunnskólar á svæðinu með. Samningur um verkefnið kynntur.

**Endurmenntunarnámskeið** haustsins gengu vel og sóttu 227 námskeiðin. Fleiri námskeið á næstunni, bæði fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla.

**SKA er 20 ára** um þessar mundir og í því tilefni er ætlunin að láta prenta bæklinga og senda í skóla og á heimili.

**Í tilefni 35 ára afmælis Umhyggju- félags langveikra bana, ákvað stjórn félagsins að veita** Skólaskrifstofunni kr. 400.000,- styrk til að úthluta til þriggja skóla til að bæta og endurnýja búnað í skólum fyrir einstök börn. Grunnskóla Reyðarfjarðar var úthlutað kr. 100.000,-, Egilsstaðaskóla kr. 100.000,- og Eskifjarðarskóla kr. 200.000,-. Haft var samráð við skólastjórnendur þessara skóla um úthlutun og kaup á búnaði.

**Biðlisti** sálfræðipjónustu, minnisblað afhent. Á biðlista eru nú 88 börn. Forstöðumaður mun senda beiðni með fjárhagsáætlun um aukningu á starfshlutfalli við sálfræðipjónustu Skólaskrifstofunnar frá og með miðju ári 2017. **Sveitarstjórnir eru beðnar um að taka afstöðu til erindisins.**

**Aðalfundur 2016, lagt er til að fundurinn verði haldinn á Borgarfirði föstudaginn 11. nóvember kl. 14:00.**

**Drög að Fjárhagsáætlun 2017 kynnt og ákveðið að senda þau út ásamt beiðni um aukningu vegna sálfræðipjónustu.**

Fyrstu drög ársreiknings fyrir árið 2015 kynnt og rædd. Ársreikningurinn ekki endanlega tilbúinn en verður sendur út þegar hann liggur endanlega fyrir. Niðurstaða er skv. áætlun.

#### Önnur mál.

Forstöðumaður kynnti fyrirhugaða endurskoðun á gildandi samningi við HSA um lögupjálfun.